

Skólasókn grunnskólanemenda, skráning og viðbrögð

Greinargerð verkefnahóps á vegum mennta- og barnamálaráðuneytis

Júní 2026

Samantekt: tillögur að aðgerðum og næstu skref

Á grundvelli menntastefnu til ársins 2030 og annarrar aðgerðaáætlunar menntastefnu 2025–2027 setti mennta- og barnamálaráðuneytið á fót verkefnahóp sem falið var að móta tillögur að samræmdum viðmiðum og verklagi, skráningu og viðbrögðum við ófullnægjandi skólasókn í grunnskólum. Hópurinn hefur komist að niðurstöðu og leggur til fimm meginaðgerðir til umbóta:

- Aðgerð 1.** Samræmd landsviðmið um viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn.
- Aðgerð 2.** Samræmdir og staðlaðir viðverukóðar til skráningar á skólasókn.
- Aðgerð 3.** Samræmdar umsóknir um undanþágur og frávik frá skólaskyldu og skólasókn
- Aðgerð 4.** Skilgreining á mælanlegum markmiðum
- Aðgerð 5.** Endurskoðun reglugerða og aðalnámskár

Tillaga að samræmdum landsviðmiðum um skólasókn

Lagt er til að tillögur um samræmd landsviðmið um viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn sem starfshópurinn hefur samþykkt fyrir sitt leyti, verði samþykkt og gefin út af ráðuneyti mennta- og barnamála sem leiðbeinandi tilmæli til grunnskóla á Íslandi fyrir skólárið 2026-27. Samhliða verði unnið að undirbúningi annarra aðgerða sem lagðar eru fram, eftir því sem fjármagn fæst til í tengslum við frekari þróun á nemendagrunni og samstarf við Island.is. Þær aðgerðir eru nauðsynlegar til að hægt sé að vinna að samræmdri gagnaöflun á landsvísu, setja mælikvarða um árangur af aðgerðum og fylgjast með stöðu mála.

Mikilvægt er að sem flestir skólar og sveitarfélög taki þátt í að fylgja landsviðmiðum á komandi skólaári svo að af þeim fáið nauðsynleg reynsla. Staðan verði síðan metin í lok skólaársins og ákvörðun tekin um framhaldið, þ.e. hvort viðmiðin verði endurskoðuð og síðan birt í aðalnámskrá grunnskóla eða með öðrum hætti eftir því sem síðar verði ákveðið og í samráði við skólasamfélagið.

Við frekari úrvinnslu þessa verkefnis um skólasókn leggur hópurinn áherslu á mikilvægi þess að eiga áfram þétt samtal við hagaðila málsins og að vilji og samstaða er meðal allra aðila til áframhaldandi samstarfs og endurmeta stöðuna í ljósi reynslunnar. Til þess að verkefnið verði sem árangursríkast er mikilvægt að horfa til forvarnavinnu um leið og kynnt eru samræmd landsviðmið um skólasókn auk þess að samtökin Heimili og Skóli komi inn í vinnuna og verði virkur þátttakandi í verkefninu.

Hópurinn telur mikilvægt að þeir aðilar sem hafa komið að þessari vinnu undanfarna mánuði haldi áfram að vinna saman á næsta skólaári með fulltrúum frá öllum aðilum og einnig með þátttöku farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins og hópsins á vegum ráðuneytisins um viðbrögð við skólaforðun. Til greina kemur að Samband íslenskra sveitarfélaga samhæfi þá vinnu með aðkomu Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu og Barna- og fjölskyldustofu. Þá hafa sveitarfélögin bent á að það sé mikilvægt að hópur um brú milli grunn og framhaldsskóla verði strax hluti af vinnunni, enda skarist ábyrgð á barni eftir lok grunnskóla og til 18 ára aldurs milli félagsþjónustu sveitarfélaga og menntastofnana ríkisins þ.e. framhaldsskóla.

Viðmið um viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn



Farsæld barna - kynna samþætta þjónustu

Viðmið 1

10 fjarvistarstig vegna fjarveru, veikinda eða leyfisstunda - 5 leyfis-/veikindadagar

Umsjónarkennari ræðir við nemandan.
Haft er samband heim.

Viðmið 2

30 - 50 fjarvistarstig vegna fjarveru, 20 veikinda eða leyfisstundir - 10 leyfis-/veikindadagar

Umsjónarkennari kallar til annan sérfræðing innan skóla eða tengilið farsældar. Boðað er til fundar með forsjárraðila/foreldrum. Veitt er leiðsögn og útbúið áætlun um bættu skólasókn.

Viðmið 3

60-70 fjarvistarstig vegna fjarveru, 30 veikinda eða leyfisstundir - 15 leyfis-/veikindadagar

Beiðni send til lausnateymis. Umsjónarkennari kallar til tengilið og/eða skólastjóra, fundað er með forsjáraðilum/foreldrum. Áætlun um bættu skólasókn endurskoðuð í samvinnu við foreldra og umsjónarkennara.

Viðmið 4

80-100 fjarvistarstig vegna fjarveru, 40 veikinda eða leyfisstundir - 20 leyfis-/veikindadagar

Máli barns vísað til umfjöllunar í nemendaverndarráði. Áðkoma annarra kerfa skoðuð svo sem skólaþjónustu sveitarfélags, velferðarþjónustu og/eða heilbrigðiskerfis. Áætlun um bættu skólasókn endurskoðuð í samvinnu við foreldra og umsjónarkennara.

Viðmið 5

110+ fjarvistarstig vegna fjarveru, 50 veikinda eða leyfisstundir - 30 leyfis-/veikindadagar

Skóli tilkynnir skólasókn til fræðsluviðs sveitarfélags og barnaverndar. Áætlun um bættu skólasókn endurskoðuð í samvinnu við foreldra og umsjónarkennara.

Formáli

Á grundvelli menntastefnu til ársins 2030 og sérstaklega annarrar aðgerðaáætlunar menntastefnu fyrir árin 2025-2027 setti mennta- og barnamálaráðuneyti af stað tvo verkefnahópa í ársbyrjun 2026. Hópunum var ætlað að móta tillögur annars vegar um ástundun, skráningu og hvatningu í grunnskólum og hins vegar um viðbrögð við skólaforðun. Leitað var til fulltrúa í Grunni, félagi fræðslustjóra og stjórnenda á skólaskrifstofum sveitarfélaga til að leiða hópana og einnig til Kennarasambandsins eftir fulltrúum frá Félagi grunnskólakennara og Skólastjórafélagi Íslands. Einnig var leitað til Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu (MMS) og Barna- og fjölskyldustofu (BOFS) í skólaforðunarhópinum. Loks var sérfræðingur frá mennta- og barnamálaráðuneytinu tilnefndur til að vinna með báðum hópum. Ráðuneytið var einnig með áform um að setja af stað tvo aðra hópa í framlaldi af þessari vinnu, þ.e. annars vegar hóp um brú milli grunnskóla og framhaldsskóla og hins vegar um endurskoðun aðalnámskráa og reglugerða á þessu sviði.

Hópur 1. Ástundun, skráning og hvatning

- Heiða Ösp Kristjánsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs í Árborg. Formaður úr hópi fræðslustjóra.
- Þórunna Rósa Ólafsdóttir, skólastjóri Rimaskóla í Reykjavík. Fulltrúi Skólastjórafélags Íslands.
- Kolbrún Guðmundsdóttir, kennari í Árborg. Fulltrúi Félags grunnskólakennara.
- Karen María Jónsdóttir, sérfræðingur í stafrænum málum. Fulltrúi Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu.
- Guðni Olgeirsson sérfræðingur. Starfsmaður hópsins á vegum mennta- og barnamálaráðuneytis.

Gert var ráð fyrir að hópurinn skilaði tillögum að samræmdum viðmiðum og verklagi á vormánuðum 2026 til ráðuneytisins sem yrðu nýttar á næsta skólaári til prófunar og að því loknu væri tekinn ákvörðun um frekar þróun eða innleiðingu í samstarfi við skólasamfélagið.

Þessi greinargerð nær eingöngu til verkefnis hjá hópi 1, sbr. hér að ofan. Ekki var formlegt samstarf við hóp 2 um viðbrögð og verklag í tengslum við skólaforðun, en fulltrúar þess hóps tóku þátt í vinnustofum um viðmiðin um skólasókn.

Verkefnahópurinn útvíkkaður

Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn hafa verið viðfangsefni sveitarfélaga um allt land á undanförnum árum og hefur stærstur hluti þeirra sett sér einhvers konar kerfi til viðbragðs. Við vinnslu verkefnisins fengust þær upplýsingar að nokkur sveitarfélög stæðu í endurskoðun á kerfunum eða væru að ljúka vinnu við að samræma kerfi sín á milli, svo sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Þar var búið að leggja mikla vinnu í endurskoðun á viðmiðum og stefnt var á vitundarvakningu um mikilvægi góðrar skólasóknar á haustdögum 2026 í gegnum aðgerðaáætlun farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins. Við nánari skoðun var ljóst að sambærileg vinna hafði átt sér stað milli hópanna og var í kjölfarið ákveðið að bjóða fulltrúum frá Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ, Hafnarfjarðarbæ, Mosfellsbæ og Garðabæ til viðbótar við Suðunesjabæ að taka þátt í útfærslu á landsviðmiðunum og sammælast um þau.

Við vinnuna kynnti Kópavogsbær verklag við skráningu og vinnslu gagna til að ná utan um umfang og eðli skólaforðunar hjá sveitarfélaginu. Leiddi frekari eftirgrennslan í ljós að nokkur sveitarfélög til viðbótar hafa hafið sömu vegferð og að enn fleiri stefni í sömu átt. Því var settur saman undirhópur fyrir skráningu á skólasókn þar sem í sátu gagnasérfræðingar frá Reykjavíkurborg og Kópavogsbæ. Sneri sú vinna meðal annars að því að samræma viðverukóða fyrir skráningu á skólasókn á landsvísu í samræmi við sett viðmið sem sammælt hafði verið um.

Við blálok vinnu hópsins kom í ljós að Reykjanesbær hefur einnig unnið að endurskoðun á nálgun og vinnulagi sem hrint verður í framkvæmd skólaárið 2026-27. Í nýrri útfærslu er áhersla lögð á stuðning við skólasókn með því að byggja upp vellíðan barns og treysta og viðhalda skólatengslum. Litið er á stuðning við skólasókn sem fyrirbyggjandi aðgerð er stemmir stígu við megin orsök stigvaxandi fjarveru barns frá skóla sem er vanlíðan og/eða rof á tengslum. Með því er áherslan færð frá því sem áður hefur verið, þ.e. frá viðbrögðum við ófullnægjandi skólasókn þar sem aukinn fjöldi fjarvistarstiga skilgreindir viðbrögð sem virkjast eftir því sem vandi barns eykst og í átt að snemmtækri íhlutun áður en vandi gerir vart við sig. Áfram er þó áhersla á skráningu á mætingu og fjarveru barns en hún verður aftengd skilgreindum viðbrögðum. Áhugavert verður að fylgjast með þróun og árangri á þeirri breytingu sem ný nálgun hefur í för með sér og rýna til gagns fyrir endurskoðun á landsviðmiðum sem áætlað er að fari fram að ári liðnu.

Tilgangur

Tilgangur þessarar vinnu er að samræma skráningu á skólasókn nemenda í grunnskólum á Íslandi með framsetningu á sameiginlegu kerfi byggðu á skilgreindum hugtökum, óháð einstaka skólum eða sveitarfélögum þar sem nemendur stunda nám. Einnig að setja fram kerfi sem gerir skólum kleift að greina og bregðast við þegar skólasókn nemenda versnar auk þess að veita fræðslufirvöldum ríkis og sveitarfélaga aðgang að gagnasafni um stöðu skólaforðunar og viðbrögðum við henni.

Í annarri aðgerðaáætlun menntastefnu til 2030 er aðgerð sem leggur aukna áherslu á vellíðan í öllu skóla- og frístundastarfi, sbr. aðgerð 6.3. Þar eru verkþættir meðal annars eftirfarandi:

- Samræma viðmið og verkferla um skólasókn í grunnskóla og innleiða í öllum sveitarfélögum úrræði til stuðnings ef skólasókn er ábótavant.
- Hefja vinnu við mótun verklags um samstarf milli grunnskóla, framhaldsskóla, skóla-, frístunda- og félagsþjónustu sveitarfélaga og heimila sem dregur úr líkum á brotthvarfi barna og ungmenna úr námi.
- Samhæfa viðmið í aðalnámskrá grunnskóla um skólasókn og reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum varðandi skólaforðun og viðbrögð við fjarvistum, ásamt því að endurskoða framangreinda reglugerð eftir þörfum.

Markmið

Markmiðið með því að móta sameiginleg viðmið og viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn er að greina og vinna að eftirfarandi meginatriðum:

- a. Að tryggja samræmi í verklagi, vinnubrögðum og viðbrögðum þannig að allir nemendur í grunnskólum njóti jafnræðis þegar kemur að mati á skólasókn og þátttöku.
- b. Að skráning á skólasókn og veiting á undanþágum þar frá verði samræmd á landsvísu, hugtök skilgreind og gögn vistuð í miðlægum gagnagrunni.
- c. Að bregðast við vísbendingum um að ófullnægjandi skólasókn sé vaxandi áskorun.
- d. Að draga úr óþörfum fjarvistum eins og kostur er og grípa snemma inn í til að koma í veg fyrir að barn þrói með sér skólaforðun.
- e. Að setja mælanleg markmið um árangur viðbragða við ófullnægjandi skólasókn

Fimm aðgerðir til umbóta við ófullnægjandi skólasókn

Aðgerð 1

Samræmd landsviðmið um viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn

Íslensk sveitarfélög hafa síðustu árin mörg hver þróað sitt eigið stigvaxandi viðbragðskerfi til að bregðast við ófullnægjandi skólasókn. Kerfin byggja á tölulegum viðmiðum, stigvaxandi íhlutun og skýrri ábyrgðarskiptingu innan skóla, skólaþjónustu, félagsþjónustu og barnaverndar. Þar sem slík kerfi hafa verið þróuð eru skólastjórar sammála um að yfirsýn hafi aukist og viðbrögð orðið betri.

Þar sem að ekki er að finna samræmdan landsramma um skilgreiningu ófullnægjandi skólasóknar, samræmda gagnaskráningu eða kerfisbundna greiningu á viðbragðstíma og árangri íhlutana er ljóst að þau gögn sem sveitarfélögin búa til eru ekki samanburðarhæf eða nýtanleg til stefnumótunar á landsvísi. Kerfið í heild sinni gefur því takmarkaða yfirsýn yfir árangur þó svo að viðbragðskerfin séu í sjálfu sér góð til síns brúks.

Við samanburð á verklagsreglum sveitarfélaga um viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn kemur í ljós að þrátt fyrir ólíka framsetningu og mismunandi hönnun viðbragðskerfa er undirliggjandi kerfisuppbygging mjög svipuð. Sveitarfélögin hafa þróað stigvaxandi viðbragð sem byggir á fyrirfram skilgreindum viðmiðum um fjölda fjarvista, veikindadaga eða seinkomu og leiðir mál áfram í formlegri farveg í ljósi fjarvista.

Í öllum sveitarfélögum má greina þrepaskipt viðbragðskerfi, yfirleitt fjögur til fimm stig. Á fyrstu stigum er áherslan á samtal og samvinnu: umsjónarkennari ræðir við nemanda og foreldra, sendir yfirlit yfir skólasókn og reynir að leita skýringa og úrbóta. Á næstu stigum verða viðbrögðin formlegri: foreldrar eru boðaðir til fundar, skólastjórnendur koma að málinu og áætlun er gerð um úrbætur. Í öllum kerfunum er barnavernd skilgreind sem lokastig, sem undirstrikar að ófullnægjandi skólasókn er ekki eingöngu álitin sem skólamál heldur einnig sem velferðarmál.

Þrátt fyrir sameiginlega grunnuppbyggingu er nokkur munur á því hvernig kerfin eru hönnuð og þeim stýrt. Í stærri sveitarfélögum, sérstaklega Reykjavík, er viðbragðskerfið mjög formfast og mælingadrifið. Notast er við stigakerfi þar sem seinkoma og fjarvera gefa tiltekin „fjarvistarstig“, og ákveðinn fjöldi stiga eða daga virkjar sjálfkrafa næsta þrep. Þetta skapar fyrirsjáanleika og auðveldar gagnaskráningu og yfirsýn. Í smærri sveitarfélögum er áherslan fremur á dagaviðmið og matskennda nálgun. Slík kerfi eru sveigjanlegri en jafnframt háðari faglegu mati einstakra stjórnenda. Munurinn felst því einna helst í því hversu sjálfvirk og mælingadrifið þjónustukerfið er og hversu miðlægt það er er skipulagt.

Núverandi kerfi sveitarfélaganna eru fyrst og fremst viðbragðskerfi. Þau virkjast þegar fjarvera hefur náð ákveðnu umfangi, til dæmis 5–10 dögum eða tilteknum fjölda stiga. Þótt fyrstu þrepin feli í sér samtal og stuðning og beri þannig einkenni forvarnar spretta viðbrögðin ekki upp úr

greiningu á snemmtækum merkjum svo sem um tengslarof eða kvíða. Þannig er áherslan á að bregðast við uppsöfnuðum fjarvistum, frekar en að greina kerfisbundið mynstur á fyrstu stigum vanda.

Framkvæmd: Samræmd landsviðmið um viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn

Eftirfarandi tillaga um landsviðmið taka mið af stigskiptri þjónustu í samræmi við lög um farsæld barna og þrepaskiptingu innan þjónustustigs þar sem það á við. Viðmið 1-3 eru í samræmi við þriggja skrefa skiptingu innan 1. stigs þjónustu sem fer fram innan skólans, viðmið 4 er í samræmi við 2. stigs þjónustu sem veitt er af hálfu sveitarfélagsins og viðmið 5 við 3. stigs þjónustu sem veitt er af hálfu barnaverndar eða ríkisstofnana.

Landsramminn skilgreinir lágmarkið en ekki skipulagið sjálft. Þannig er ákveðinn sveigjanleiki innbyggður fyrir ólíkar stærðir sveitarfélaga og nálgun. Í minni sveitarfélögum getur skólaþjónusta til dæmis verið sameiginleg milli sveitarfélaga og þverfaglegt mat getur þurft að fara fram í gegnum samning um svæðisbundna þjónustu. Þar á móti eru sérhæfð teymi oft staðsett í stærri sveitarfélögum svo sem á þjónustumiðstöðvum. Þá getur það verið val að virkja fagaðila eða ólík hlutverk innan eða utan skóla fyrir í ferlinu en viðmiðin segja til um þar sem mál barns kallar á slík viðbrögð.

Verkefnahópur á vegum mennta- og barnamálaráðuneytis í samtarfi við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu leggja til eftirfarandi landsviðmið um skólasókn:



Aðgerð 2

Samræmdir og staðlaðir viðverukóðar til skráningar á skólasókn

Nemenda- og námsumsjónarkerfi (*LMS – Learning management systems*) eru notuð í daglegri starfsemi allra grunnskóla til að halda utan um nám og kennslu barns og samskipti kennara við foreldra. Þekktustu íslensku kerfin á markaði í dag eru InfoMentor og Námfús en til viðbótar nota einhverjir skólar erlend kerfi eins og TEAMS for Education.

LMS kerfi eru ákveðin tegund gagnalindar, þ.e. merkt sem upphafspunktur gagns eða staðurinn sem gögnin eiga sinn uppruna eða koma frá. Skólasókn er meðal þeirra gagna sem skráð eru skipulega í LMS kerfin. Til þess eru notaðir svokallaðir viðverukóðar sem allir hafa mismunandi merkingu. Viðverukóðar eru mikilvægir í söfnun tölfraðilegra gagna sem skólar, sveitarfélög og stjórnvöld geta nýtt til að öðlast betri skilning á þeirri menntun sem veitt er, sem og umfangi og ástæðum fjarveru.

Þó svo að kóðun skráninga sé nokkuð keimlík þó ólík sé, í þeim kerfum sem notuð eru í skólum landsins í dag, þá er hún takmörkuð ef borin er saman við nágrannalöndin auk þess sem hugtakanotkun er ólík. Með stöðlun og samræmdri skráningu allra skóla á skólasókn er hægt að tryggja mun betri gæði gagnanna og einfalda skil þeirra milli kerfa svo sem í miðlægan nemendagrunn.

Mikilvægt er að kóðar aðskilji tvo vísa, þ.e. heildarfjarvistavísir sem telur alla fjarveru og er notaður til að greina umfang, og svo áhættuvísir sem telur aðeins óheimila fjarveru og virkjar snemmtæk viðbrögð. Kerfislegir kostir slíkrar nálgunar eru meðal annars að aðskilja veikindi frá forðun, og ”mætingu sem er ekki möguleg” frá annarri fjarveru.

Til viðbótar við kóðun skráninga eru svokölluð „fjarvistarstig” sem gefin eru fyrir seinkomu og fjarveru einnig ólík milli sveitarfélaga. Þær forsendur sem liggja aðallega til grundvallar stigagjafar eru þær að kennslustundir eru mislangar milli skóla, og þeim í sjálfvald sett hvernig stig eru talin.

Þó að mörg sveitarfélög styðjist hugmyndafræðilega við eða eru að skoða að styðjast við Bradford-kvarðann sem er viðurkenndur kvarði til að mæla fjarveru starfsmanna og auðvelda tímanleg inngrip og þá kenningu að endurtekin, stutt og ófyrirséð fjarvera sé meira truflandi fyrir barn og nærumhverfið en löng samfelld fjarvera. Sveitarfélögin hafa þó bent á að mikilvægt sé að taka kvarðann ekki beint upp, hann verði að taka tillit til skammtímafjarveru vegna veikinda sem og fjarveru vegna langtímaveikinda og annarra þátta sem viðurkenndir eru sem hluti af almennu skólastarfi og fela í sér heimila fjarveru. Mikilvægt er því að samræma fjölda stiga sem gefin eru í hverju fjarvistartilviki, samhliða fjarvistarkóðum. Þetta skref er forsenda samræmdrar gagnaskráningar og sameiginlegrar yfirsýnar og skapar auk þess mun betri fyrirsjáanleika.

Samræmd skráning á skólasókn er forsenda gagnadrifinnar nálgunar sem getur breytt því hvernig skólar, sveitarfélög og ríkið nálgast áskoranir tengdar fjarveru barna í námi. Þá er hún einnig forsenda þess að hægt sé að þróa síðar virkni sem kemur snemma auga á vísbendingar um þróun skólaforðunar hjá barni, rekja feril barns yfir skólaárið, milli skólaára, við skólaskipti eða

milli skólastiga. Einnig að greina þróun á landsvísu, árangur af aðgerðum til úrbóta eða önnur flóknari mynstur.

Framkvæmd: Samræmdir og staðlaðir viðverukóðar á landsvísu

Þar sem að notkun LMS kerfa í starfsemi grunnskóla þykir sjálfsgöð og í ljósi þess að skráning á skólasókn er almennt séð hluti af virkni LMS kerfa og tilheyrandi verkferlar við skráningu eru þegar til staðar innan hvers skóla, þá er lagt til að:

- Viðverukóðar og fjarvistarstig verði staðlaðir, skilgreindir og samræmdir.
- Meginflokkar viðverukóða fyrir skráningu á skólasókn og fjarvistarstig verði eftirfarandi:
 - Meginflokkar viðverukóða:
 - A – Mæting
 - B – Fjarvera (óheimil)
 - C – Fjarvera (heimil)
 - D – Nám utan skóla
 - E – Mæting ekki möguleg
 - F - Stjórnslýsla skóla
 - Fjarvistarstig:
 - 0 stig – Viðvera og heimil fjarvera
 - 1 – Seinkoma (>5mín<20mín)
 - 2 – Óheimil fjarvist (eða 1 fjarvistarstig fyrir hverjar 20 kenndar mínútur)
 - 10 – Óheimil heilsdagsfjarvist (föst tala)
- Undirflokkar viðverukóða fyrir hvern meginflokk, heiti skráninga, tölfræðileg gildi, verði skilgreindir í samræmi við ítarlega kóðatöflu í viðauka 1.
- Skráningar á mætingu og fjarvistum fari áfram eftir þeim verkferlum sem til staðar eru í skólum dag þar sem hlutverk og samskiptaleiðir tilkynnanda fjarvistar- og skráningaraðila eru skilgreind sbr. forsjáraðili, ritari skóla, kennari.
- Unnið verði með birgjum LMS kerfa að því að gera breytingar í samræmi við nýjan ramma og innleiða í allt skólakerfið hratt og örugglega.
- Smíðuð verði gagnaskil sem skili gögnum um skólasókn úr LMS kerfum í nemendagrunn, svo hægt verði að vinna úr þeim staðbundnar tölfræðiupplýsingar sem og á landsvísu.

Aðgerð 3

Umbreyting og samræming umsókna um undanþágur og frávík frá skólaskyldu og skólasókn á Island.is

Þegar skólasókn er tengd við undanþágur og úrræði eða mat á öðru námi utan skóla í stað skyldunáms fæst mun dýpri skilningur á því hver staða barns er, hægt er að fylgjast betur með hvernig barni vegnar og hvort aðgerðir í formi inngripa og úrræða séu að skila árangri.

Undanþágur og frávík frá skólaskyldu og námi, að meðtöldum óútskýrðum fjarvistum og skólaforðun, er inntak 16. kafla gildandi aðalnámskrár grunnskóla. Þær fela í sér stjórnvaldsákvörðun sem kallar á að framkvæmdin uppfylli málsmeðferð stjórnsýslulaga sem og upplýsingalög.

Forsjáraðilar eru þeir sem fara með fyrirsvar fyrir barn og senda inn umsókn eða beiðni um undanþágu fyrir barnið sitt og skal hún vera skrifleg. Áður en ákvörðun er tekin skal skólastjóri rannsaka málið og afla viðbótargagna ef þess er talin þörf svo að réttmæt niðurstaða fáiist. Þá skal rökstuðningur fyrir samþykki eða höfnun vera veittur í skriflegu svari sem birt sé með sannarlegum hætti en í dag kveða lög á um að birting skuli hið minnsta vera í stafrænu pósthólfi hins opinbera. Þá þarf að vera skýrt í hverju tilviki hver andmælaréttur foreldra/forsjáraðila er, hvert andmælunum skuli beint og hvernig er unnið er úr þeim.

Í dag er staðan sú að þessi almenningur ferill stjórnsýslunnar og beiting hans er mjög óljós innan margra grunnskóla um land allt í fjölmönnum og fámönnum sveitarfélögum. Þetta skapar stöðu þar sem:

- Allir 174 grunnskólar landsins búa til einhver gögn um undanþágur og frávík frá skólaskyldu og námi, en mjög misjafnt er yfir hvað þau gögn ná.
- Sammerkt er að forsjáraðilar þurfa að bera sig eftir undanþágum og óska eftir þeim þó svo að í dag veiti tengiliðir og málastjórar farsældar auk stoðteyma og þjónustuteyma mikilvægan stuðning.
- Umsóknir og beiðnir eru sendar inn á ólíku formi svo sem á pappírseyðublöðum sem skilað er í umslagi eða með tölvupósti, í opnum texta í tölvupóstsamskiptum eða í samtali auglitis til auglitis eða í gegnum símtal og því ógerlegt að vinna úr þeim gögn. Einstaka umsóknir verða til stafrænt í gegnum umsóknargátt sveitarfélags.
- Mismunandi er eftir skólum hvort ákvörðun er skráð eða ekki, og ef hún er skráð hvort það sé gert kerfisbundið. Gögnunum er haldið til haga í ólíku formi svo sem í excelskjali en oft eru þau líka dreifð á milli skjala og ósamræmd auk þess sem hugtakanotkun er mjög ólík milli aðila og því skilningur og túlkun á þeim sömuleiðis.
- Skólastjóri eða deildarstjóri eftir atvikum, samþykkir umsókn og svarar foreldri. Þá er ólíkt milli skóla hvernig ákvörðun er birt umsækjanda en hún getur verið birt með bréfi í tölvupósti, í opnum texta í tölvupósti eða jafnvel með skilaboðum í skilaboðaforriti. Í einstaka tilfellum er tilkynning birt á Mínum síðum sveitarfélags en þá aðallega ef umsókn hefur orðið þar til.

- Þá er allur gangur á því hvort að umsóknir, gögn máls og svarbréf sé vistað í skjalakerfi sveitarfélags þegar niðurstaða hefur verið birt máli hefur verið lokað, eins og lög gera kröfu til.

Ofangreint ástand gerir það að verkum að ógerlegt er að nýta markvisst þau gögn sem til verða í umsóknum og beiðnum, svo sem um tímamörk eða tíðni, sem hluta af fjarvistarvísunum eða til útskýringa þegar gögn eru túlkuð, hvort sem er í tilviki einstaka barns, á vettvangi skóla, sveitarfélags eða á landsvísu. Vegna þessa er umfang og beiting undanþága, úrræða, viðurkenninga og mats innan sveitarfélaga og á landsvísu einnig óþekkt sem hamlar greiningu á áhrifum af beitingu núverandi inngripa og úrræða og þróun á nýjum til að mæta raunverulegum þörfum og þjónusta börn eins og best verður á kosið.

Eyðublöð eru í þessu samhengi ómissandi verkfæri til að safna gögnum um menntun barna þar sem þau bjóða upp á skipulagða leið til að safna upplýsingum frá fjölda ólíkra svarenda á skilvirkan og samræmdan hátt. Miða aðgerðir til að samræma eyðublöð meðal annars að því að staðla innihald og skilgreina upplýsingar sem hjálpatil við að greina mynstur og tengsl, sem gerir aðilum kleift að byggja upp sögur á bak við gögnin. Er það sérstaklega mikilvægt þegar kemur að því að senda upplýsingar kerfi-í-kerfi en ávinningur þessa forms gagna er lítill nema gögnin úr eyðublöðum séu vistuð með sjálfvirkum hætti í gagnagrunni.

Mikilvægt er því að tryggja samræmda umsóknarferla og þar með markvissa skráningu á þeim undanþágum sem veittar eru í skólakerfinu, úrræðum sem samþykkt eru, mati og viðurkenningu sem sótt er um og sem tilgreind eru í aðalnámskrá, samhliða skráningu á skólasókn, þ.e. mætingu og óheimilli fjarveru. Þau eru einnig lykilatriði í móta áætlanir fyrir barn, og styðja kennara og skóla við að taka upplýstar ákvarðanir sem geta haft veruleg áhrif á framvindu náms hjá barni.

Framkvæmd: Umbreyting og samræming umsókna um undanþágur og frávik frá skólaskyldu og skólasókn á Island.is

Leitað verði samstarfs við *Stafrænt Ísland* um samræmingu og stafvæðingu umsókna um undanþágur, verklag, úrræði, viðurkenningu eða mat fyrir alla skóla og sveitarfélög sem gerðar verða aðgengilegar foreldrum/forsjáradilum í gegnum eina gátt á *Island.is*. Með því verði haldið áfram á þeirri leið sem vörðuð hefur verið með samræmdri innritun í 1. bekk, samræmdri umsókn um skólaskipti, samræmdri umsókn í sjálfstætt starfandi skóla og alþjóðaskóla og samræmdri umsókn í sérskóla og sérúrræði. Með öðrum orðum, haldið verður áfram með smíði mikilvægra gagnaferla.

Lagt er til að eftirfarandi umsóknir verði samræmdar og gerðar aðgengilegar á *Island.is*. Þær umsóknir eða beiðnir sem um ræðir snúa allar að útskýrðum fjarvistum í skyldunámi, þ.e. þær útskýra með einum eða öðrum hætti í hverju frávik frá mætingu felst og hvernig því er mætt til að skólaskylda sé uppfyllt. Útskýrðar fjarvistir eru því til þess fallnar að setja gögn um fjarvistir og beitingu úrræða í samhengi svo sem með því að greina þær frá óútskýrðum fjarvistum:

Yfirlit yfir inntak hvernar umsóknar má finna í Viðauka 2:

- Umsókn um undanþágu frá skólasókn (3 dagar eða fleiri)
- Umsókn um sjúkrakennslu
- Umsókn um undanþágu frá skyldunámi í einstaka námsgrein eða námssviði

- Umsókn um mat á skipulagðri atvinnuþátttöku sem nám
- Umsókn um viðurkenningu á kunnáttu í móðurmáli öðru en íslensku
- Umsókn um mat á skipulögðu námi utan grunnskóla
- Umsókn um mat á skipulögðu íþrótta- eða æskulýðsstarfi
- Umsókn um skólagöngu fyrir (eða síðar)
- Umsókn um að taka áfanga í framhaldsskóla samhliða námi í grunnskóla
- Umsókn um heimakennslu

Aðstandendur geta með þessari leið nálgast og sent inn umsókn með auðveldum hætti, séð stöðu hennar hverju sinni, og fengið afgreiðslu hennar senda í bréfi í stafrænt pósthólf. Sá möguleiki skapast með þessu að forsjáraðili auk barns sem hefur aðgang að rafrænum skilríkjum, getur haldið utan um allar umsóknir sem varðar grunnskólagöngu barns og sendar hafa verið til skóla, á einum stað, óháð búsetu.

Þá verði leitað samstarfs við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu vegna nemendagrunns. Skólastjórar taki á móti umsóknum í sama afgreiðslukerfi og þeir nota til að afgreiða umsóknir eða innritun í grunnskóla. Þar geta þeir skoðað umsóknina, samþykkt hana eða hafnað og sent út afgreiðslubréf með rökstuðningi til birtingar í stafrænu pósthólfi. Í viðmótinu geti skólastjórar einnig flett upp hvaða umsóknir komu inn hvenær fyrir hvaða barn og hver niðurstaðan var þ.e. hvort hún var samþykkt eða henni hafnað.

Þar sem afgreiðslukerfið hefur þegar verið smíðað og er þegar í fullri virkni fyrir umsóknir um hverskonar skólavist í grunnskóla þá þarf ekki að smíða nýtt kerfi. Einungis þarf að aðlagða núverandi kerfi þannig að það geti tekið á móti nýrri tegund af umsóknum samhliða þeim eldri og afgreitt með svarbréfi og eins birt yfirlit yfir veittar undanþágur, mat á námi eða viðurkenningar á námi utan skóla á spjaldi barns sem verður þá hluti af sögu þess. Þá þarf að tryggja að gögn skili sér með réttum hætti í nemendagrunn, meðal annars með smíði gagnaskila frá umsóknarkerfi stafræns Íslands. Loks þarf að smíða gagnaskil svo hægt sé að skila málsgögnum í málakerfi sveitarfélags til varðveislu eins og lög gera kröfu um.

Aðgerð 4

Mælanleg markmið

Með samræmdri skráningu á skólasókn og undanþágum skapast einnig forsendur til mæla árangur af aðgerðum, hvort sem er innan einstaka skóla, einstaka sveitarfélags eða á landsvísu og tryggja að niðurstöður séu samanburðarhæfar milli landa. Mælanleg markmið eru ekki skilgreind og samræmd fyrir íslenskt skólakerfi í dag. Beggja vegna Atlantshafsins nota mörg lönd hins vegar til þess hinn svokallaða MD-MTSS ramma (*A Multidimensional, Multi-tiered System of Supports Model, Graczyk 2022*), þá hefur allavega eitt sveitarfélag á Íslandi stuðst við hann svo vitað sé til, þ.e. Garðabær.

Í MTSS rammanum standa prósentutölurnar 80%, 15% og 5% fyrir áætlað hlutfall nemenda sem þurfa á almennum stuðningi (1. stig), markvissum stuðningi (2. stig) og öflugum sértækum stuðningi (3. stig) að halda vegna ófullnægjandi skólasóknar. Skiptingin í 80/15/5 setur fram skýr tölfræðileg markmið fyrir skóla og sveitarfélag sem mælist beint á því hvort takist að halda a.m.k. 80% nemenda innan almenns stuðnings og fækka þeim sem þurfa dýrari og flóknari úrræði á 2. og 3. stigi, þar sem þau eru gripin fyrir í ferlinu. Með því að nota sömu prósentuviðmiðin á landsvísu geta mennta- og barnamálaráðuneytið greint stöðu og þróun skólaforðunar á landsvísu og stýrt aðgerðum og fjármagni þangað sem þörfin er.


Ramminn samræmist einnig viðmiðum um viðbragð við ófullnægjandi skólasókn og stigskiptri þjónustu í samræmi við lög um farsæld barna og þrepaskiptingu innan þjónustustigs þar sem það á við. Þrep 1-3 eru í samræmi við þriggja skrefa skiptingu innan 1. stigs þjónustu sem fer fram innan skólans, þrep 4 er í samræmi við 2. stigs þjónustu sem veitt er af hálfu sveitarfélagsins og þrep 5 við 3. stigs þjónustu sem veitt er af hálfu barnaverndar eða ríkisstofnana.

Framkvæmd: Skilgreining á mælanlegu markmiði

Verkefnahópur á vegum mennta- og barnamálaráðuneytis í samtarfi við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu leggja til eftirfarandi mælanlegu markmið:

MD-MTSS-Ramminn og skiptingin 80/15/5 verði skilgreind sem töluleg markmið fyrir skóla, sveitarfélög og landið allt.

Mikilvægt er að átta sig á því að núll staðan er ekki þekkt hér á landi, þ.e. hversu mörg börn falla undir hvern lið rammans fyrir sig á þessu stigi málsins. Mikilvægt er því að innleiða mælingu í skrefum. Fyrsta árið í samræmdri skráningu verði lærdómsár, þ.e. með samræmdum gögnum getum við tekið núllstöðuna að ákveðnum tíma liðnum. Þegar þangað er komið má, eftir því sem töluleg gögn segja til um, setja ný markmið og fara í markvissar aðgerðir þar sem þarf eða vinna að því að viðhalda góðri stöðu eftir því sem við á.



Aðgerð 5

Endurskoðun reglugerða og 16. kafla aðalnámskrár

Bent hefur verið á að þrátt fyrir að forsendur til að veita undanþágu frá skólasókn hafi nýlega verið skilgreindar betur í 16. kafla aðalnámskrár þá hafi skólastjórar samt sem áður ekki þá skýru heimild að hafna beiðni um undanþágu frá foreldrum. Átt er við að ákvörðun um það sem teljist gild ástæða sé enn of matskennd. Æskilegt sé að endurskoða þetta aftur og skýra mun betur heimild skólastjóra til að hafna umsókn um undanþágu frá skólasókn og hvort ástæða sé til að setja þak á fjölda daga sem slík undanþága má ná til.

Þá er lagt til að sett verði ákvæði í reglugerð sem taki sérstaklega til skráningar barns í skóla og skólasóknar, og þar sem landsviðmið þau sem lögð eru til í aðgerðum 1-4 eru skilgreind.

Heimildir og reynsla sem litið var til

Í vinnu hópsins var litið sérstaklega til eftirfarandi gagna við útfærslu á aðgerðum:

- Tillögur umboðsmanns barna um fimm punkta áætlun til að bregðast við skólaforðun. Hópurinn vann sérstaklega með eftirfarandi punkta: Samræmd fjarvistarsskráning og samræmdir verkferlar um lágmarksviðbrögð.
- Tillögur Velferðarvaktarinnar frá 2019 um aðgerðir til að sporna gegn skólaforðun. Hópurinn vann með eftirfarandi aðgerðir: Opinber viðmið um skólasókn, að auka heimildir skólastjórnenda til að hafna leyfisóskum foreldra og skoðun á þeim reglum sem nágrannalöndin hafa sett.
- Viðbrögð sveitarfélaga við ófullnægjandi skólasókn. Skoðuð voru viðmiðmið um ástundun og verklag í tengslum við viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn í 21 skóla og sveitarfélagi.
- Skoðuð voru öll þau umsóknareyðublöð sveitarfélaga sem snúa að undanþágum, úrræðum, viðurkenningum og mati og sem aðgengileg voru á *Mínum síðum* sveitarfélaganna, þjónustuvef sveitarfélaganna og vef grunnskóla.
- Gögn frá Noregi, Hollandi og Bretlandi svo sem reglugerðir um skráningu barna í skóla og skráningu á skólasókn frá Bretlandi.
- 16. kafli aðalnámskrár grunnskóla. Aðalnámskrá er helsta stjórnþæki fræðslufirvalda til að tryggja samræmi og samhæfingu skólasterfs og fjallar umræddur kafli um undanþágur og frávik frá skólaskyldu og skyldunámi.
- Every Day Counts. Understanding, Preventing and Responding to School Attendance Problems (2026) og önnur nýleg gögn frá OECD.

Í Evrópu byggir framvinda nemenda í námi á ólíkum kerfislíkönum. Á Íslandi, líkt og á hinum Norðurlöndunum, er grunnskólinn skipulagður sem aldurstengt framvindukerfi. Nemendur færast áfram með árgangi sínum óháð því hvort þeir hafi náð öllum hæfniviðmiðum, og áhersla er lögð á stuðning innan árgangsins fremur en endurtekningu á námi. Endurtekning er almennt talin skila takmörkuðum árangri og er talinn geta haft neikvæð félagsleg áhrif.

Á meginlandi Evrópu er víða notast við frammistöðutengt framvindukerfi þar sem framvinda í námi er beintengt námsmati og hæfniviðmiðum. Þar er endurtekning notuð sem formlegt stjórnþæki til að tryggja að nemandi hafi náð tilskilinni hæfni áður en hann færist áfram milli bekkja. Í slíkum kerfum er endurtekning innbyggð í mats- og framvindukerfið og breytir stöðu nemanda, meðal annars með því að hafa áhrif á tímasetningu náms og jafningjahóp.

Kerfislega séð felst meginmunurinn í því hvar og hvernig frávik eru leiðrétt. Í frammistöðutengdu kerfi eru frávik leiðrétt innan árgangskerfisins sjálfs með endurtekningu. Í aldurstengdu kerfi, eins og því íslenska, eru frávik hins vegar oftast flutt yfir í stuðnings- eða undanþágukerfi, þ.e. brugðist er við með breytingum á viðveru, stundaskrá, námsgreinakröfum eða með tímabundnum undanþágum.

Á sama tíma og OECD hefur mælt eindregið með norrænu leiðinni, er sú hættu til staðar að hún skapi kerfislega spennu, ef útfærslan er ekki rétt. Nemandi sem fær sjálfvirka framvindu í

grunnskóla hefur ekki alltaf náð fullri hæfni kemur að lokum inn í framhaldsskólakerfi sem byggir á hæfnitengdu einingakerfi á mismunandi brautum en ekki sjálfvirkri framvindu.

Ef ekki hefur verið unnið með frávík barns í grunnskóla og ef ekki er byggð skýr brú milli þessara tveggja kerfa getur kerfisálag safnast upp við yfirfærsluna. Skólaforðun eða veik hæfni í grunnskóla getur umbreytt í tafir, endurtekningar á áföngum eða brotthvarf í framhaldsskóla. Spurningin verður því ekki aðeins hvenær og hvernig grunnskólinn bregst við frávikum, heldur einnig hvernig kerfin tvö tala saman og hvernig stuðningur fylgir nemanda yfir mörk skólastiga.

Sjálfvirk framvinda í námi þarf að vera studd af sýnilegu, markvissu og rekjanlegu stuðningskerfi innan skóla sem auk þess þarf að vera samhæft öðrum stoðum velferðar- og heilbrigðiskerfisins. Að viðurkenna mörk skólakerfisins felur ekki í sér að draga úr mikilvægi né hafna samfélagslegri ábyrgð. Grunnskólinn getur og á að gegna lykilhlutverki í snemmtækri greiningu, stuðningi og samhæfingu, en hann getur ekki borið einn ábyrgð á úrlausn allra þeirra þátta sem liggja að baki skólaforðun, svo sem geðrænum vanda, félagslegum aðstæðum, áföllum eða flóknum fjölskylduaðstæðum. Því skólaforðun er oftast en ekki afleiðing en ekki orsök.

Þegar aðrar stoðir velferðar- og heilbrigðiskerfisins bregðast seint við eða samhæfing er ófullnægjandi, færast ábyrgðin í reynd til skólans, án þess að til staðar sé fullnægjandi umboð, sérþekking eða úrræði til að takast á við vandann á heildrænan máta. Skýr ábyrgðarskipting, virkt þverfaglegt samstarf og tryggt aðgengi að sérhæfðri þjónustu eru því grundvallarforsendur þess að viðbrögð við skólaforðun verði bæði fagleg og sjálfbær.

Ósýnilegt viðbragðskerfi þýðir að kerfið lærir ekki af eigin hegðun. Án gagnsæis og mælanlegra ferla er hætt á að vandinn festist í jaðarkerfum þar sem nemendur færast áfram í kerfinu án þess að raunveruleg úrlausn eigi sér stað, þar til vandinn birtist síðar sem alvarlegri áskorun í framhaldsskóla eða jafnvel utan menntakerfisins.

Viðauki 1

Samræmdir viðverukóðar

Viðveru-flokkar	Heiti skráningar	Tölfræðilegt gildi			Skilgreining	Heimild
A	Mæting	Viðvera			Að mæta í kennslustund	
B	Fjarvera (óheimil)	Fjarvera			Að mæta ekki í eina staka eða fleiri kennslustundir yfir samfelldan tíma og hafa ekki til þess heimild skólastjóra.	
C	Fjarvera (heimil)	Fjarvera			Að mæta ekki í eina staka eða fleiri kennslustundir yfir samfelldan tíma og hafa til þess heimild frá skólastjóra.	
D	Nám utan skóla	Viðvera			Nám sem viðurkennt er að komi í stað skipulagðrar kennslu viðkomandi skóla, hvort sem er í skyldunámi eða vali.	
E	Mæting ekki möguleg	Hvorki viðvera né fjarvera			Mæting ekki möguleg vegna opinberra tilmæla eða hverskonar ytri aðstæðna sem viðeigandi stjórnvald hefur skilgreint og tilkynnt um eftir opinberum leiðum.	
F	Stjórnsýsla skóla	Hvorki viðvera né fjarvera				
Viðverukóði	Heiti skráningar	Tölfræðilegt gildi	Fjarvistarstig	Skilgreining	Skilyrði	Heimild
Viðvera						
A1	Mætt	Viðvera	0	Mætt í skóla fyrir hádegi	Nemandi er viðstaddur þegar mæting er skráð, fyrir hádegi	
A2	Mætt	Viðvera	0	Mætt í skóla eftir hádegi	Nemandi er viðstaddur þegar mæting er skráð, eftir hádegi	
A3	Seinkoma	Viðvera	0	Seinkoma (innan marka)	Nemandi mætir eftir að kennslustund hefst en áður en skráning á mætingu lokar. Viðmiðið er að skráning sé tekin innan 5 mínútna eftir að kennslustund hefst, en þá er henni lokað.	

A4	Seinkoma	Viðvera	1	Seinkoma (utan marka)	Nemandi mætir eftir að skráning lokar en áður en 20 mínútur eru liðnar af kennslustund samkvæmt stundaskrá.	
Fjarvera - óheimil						
B1	Fjarvera	Fjarvera (óheimil)	2	Óheimil fjarvera úr kennslu-stund	Nemandi mætir í kennslustund 20 mínútum eftir að hún hefst, eða mætir alls ekki, og hefur ekki til þess heimild með veikindatilkynningu eða samþykktu leyfi. Komi eftir á í ljós að gild heimild eða ástæða sé fyrir fjarveru má uppfæra skráninguna, viðmiðið er að það sé þó gert innan þriggja virkra daga.	4.gr. Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011
B2	Fjarvera	Fjarvera (óheimil)	2	Leyfi án heimildar - frítaka	Foreldri heldur barni frá skóla án heimildar. Ástæðan getur verið hvort sem er að skóli hafi hafnað heimild til frítöku fjölskyldu vegna ferðalaga erlendis, eða að ekki hafi verið sótt um heimild til frítöku.	
B3	Fjarvera	Fjarvera (óheimil)	2	Leyfi án heimildar - aðrar ástæður	Foreldri heldur barni frá skóla án heimildar af öðrum ástæðum en frítöku fjölskyldu.	
Fjarvera - heimiluð						
C1	Fjarvera	Fjarvera (heimiluð)	1	Veikindi (tilfallandi veikindi)	Foreldri tilkynnir veikindi þ.e. metur sem svo að barn sé tímabundið hvorki í líkamlegu eða andlegu ástandi né hafi þrek til að sækja skóla og stunda nám.	
C2	Fjarvera	Fjarvera (heimiluð)	1	Leyfi - heilbrigðis-tengt erindi	Skólastjóra er heimilt að veita undanþágu frá skólasókn vegna tilfallandi heimsóknar til læknis eða sérfræðings	
C3	Fjarvera	Fjarvera (heimiluð)	1	Leyfi - persónulegar ástæður	Skólastjóra er heimilt að veita tímabundna undanþágu frá skólasókn þegar ástæður eru ríkar. Svo sem vegna ófyrirséðra eða persónulegra ástæðna, alvarlegra veikinda, dauðsfalls eða annarra áfalla í nærumhverfi barns.	Aðalnámskrá kafla 16.1.4
C4	Fjarvera	Fjarvera (heimiluð)	0	Keppnis eða sýningarferð	Skólastjóra er heimilt að veita tímabundna undanþágu frá skólasókn vegna þátttöku í einstaka afreksverkefni á sviði íþrótta, lista eða starfi í ungmennaráði svo sem keppnis- eða sýningarferðar.	Aðalnámskrá kafla 16.1.4

C5	Fjarvera	Fjarvera (heimiluð)	0	Sjúkrakennsla (langvinn veikindi)	Skólastjóra er heimilt að veita undanþágu frá skólasókn þar sem formlegt samþykki liggur fyrir um sérúrræði þ.e. sjúkrakennslu. Nemandi sem að mati læknis getur ekki sótt skóla vegna slyss, langvarandi veikinda eða fötlunar á rétt á sjúkrakennslu hvort sem er innan skólastofnunnar, á heimili sínu eða á sjúkrastofnun, sem taka mið af ástandi hans og þreki. Heimild þessi nær ekki til tilfallandi veikinda nemanda, heldur einungis langvinna veikindi sem staðfest eru með viðeigandi vottorði læknis. Heimildin er tímabundin og háð reglulegu endurmati.	Reglugerð um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010, Aðalnámskrá kafla 16.1.3.
C6	Fjarvera	Fjarvera (heimiluð)	0	Skert stundaskrá	Skólastjóra er heimilt að veita tímabundna undanþágu í einstaka námsgrein eða námssviði, eða undanþágu að öllu leyti, enda liggi fyrir metin stuðningsþörf í samráði við fagfólk eða aðrar ríkar ástæður. Dæmi um ríkar ástæður eru nemandi með annað móðurmál en íslensku sem fær undanþágu frá skyldunámi í tilteknum námsgreinum eða nemandi sem tekst á við tímabundnar persónulegar áskoranir t.d. vegna skólaforðunar eða kvíða. Sé heimildin veitt tímabundið skal hún háð reglulegu endurmati.	Aðalnámskrá kafla 16.1.1
C7	Fjarvera	Fjarvera (heimiluð)	0	Félagsstarf skóla	Skólastjóra er heimilt að veitand undanþágu frá skólasókn vegna þátttöku í félagsstarfi sem skipulagt er sérstaklega af hálfu skólans svo sem setu í nemendaráði, ræðuliði og hverskonar nefndarstörfum innan skólans.	Aðalnámskrá kafla 16.1.2.
C8	Fjarvera	Fjarvera (heimiluð)	0	Farandvinna foreldris	Fjarvera vegna tímabundinnar atvinnu eða viðskipta foreldra í öðrum landshluta eða erlendis, sem krefst þess að nemandinn ferðist með þeim. Einnig getur verið um að ræða farandbarn eða barn á skólaskyldualdri af Rómaættum (sem oft hefur engan fasta búsetu) og foreldri/foreldrar þess/þeirra stunda atvinnu eða viðskipti sem krefjast þess að þau ferðast á milli staða. Skólar ættu ekki að óþörfu að biðja um sönnun fyrir því að foreldrið sé að ferðast í atvinnuskyni,	

					þetta ætti aðeins að gerast þegar raunverulegur og rökstuddur vafi leikur á áreiðanleika ástæðunnar fyrir fjarveru sem gefin er upp. Ef vafi leikur á ástæðunni sem gefin er upp getur skólinn beðið um sönnun fyrir því að fjölskyldan sé skylt að ferðast í atvinnuskyni á meðan fjarveran stendur. Til að tryggja samfellu í námi nemenda, er gert ráð fyrir að nemandinn stundi sitt nám með aðstoð foreldra á meðan fjarveru stendur. Enda er aðeins um undanþágu frá skólasókn að ræða en ekki námsskyldu.	
C9	Fjarvera	Fjarvera (heimiluð)	0	Trúarleg iðkun	Nemandi er fjarverandi á degi sem tekinn er frá fyrir trúarlega iðkun af því trúfélagi sem foreldri/foreldrar nemanda tilheyra (ekki foreldrunum sjálfum). Almenna reglan er að slíkur dagur sé þess eðlis að trúfélagið sem foreldri/foreldrar tilheyra geri ráð fyrir að foreldri/foreldrar haldi sig frá vinnu sinni til að minnast tilefnisins. Ef vafi leikur á ættu skólar að leita ráða hjá trúfélagi foreldrisins um hvort dagurinn sé frátekin fyrir trúarlega iðkun. Heimilt er að skrá allt að tvo samfellda daga fyrir trúarlega iðkun. Ef trúfélag frátekur fleiri en tvo samfellda daga fyrir trúarlega iðkun skal sækja um það sérstaklega.	
C10	Fjarvera	Fjarvera (heimiluð)	0	Tímabundin brottvísun	Nemanda er vikið tímabundið úr skóla, þó að jafnaði ekki lengur en í eina viku	15.gr. Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011
Viðurkennt nám utan skóla						
D1	Nám utan skóla	Viðvera	0	Fjarnám	Skólastjóra grunnskóla er heimilt að veita nemenda sem sýnt hefur afburðarhæfni á ákveðnu námssviði undanþágu til að taka stakan áfanga í framhaldsskóla sem hluta af námi sínu	Aðalnámskrá kafla 16.2.4

					í grunnskóla hvort sem er sem hluta af skyldunámi grunnskóla eða sem valgrein. Þá er skólastjóra einnig heimilt að heimila fjarnám óháð búsetu svo sem nám í tungumálum fyrir nemendur af erlendum uppruna eða valnám af ýmsum toga sem ekki er í boði í heimabyggð	
D2	Nám utan skóla	Viðvera	0	Vettvangs-ferð	Nemandi sækir skipulagða vettvangsferð eða viðburð með skóla sem fer fram á skólatíma og utan veggja skólans og skólalóðar. Dæmi eru vettvangsferðir eins vorferð eða skólabúðir og viðburðir eins og þátttaka í Barnamenningarhátíð eða ferð á leiksýningu, tónleika eða listasafn. Einnig námsferðir sem farnar eru á vegum skólans erlendis.	Aðalnámskrá kafla 16.1.4 & 16.2.4
D3	Nám utan skóla	Viðvera	0	Samþykkt nám utan skóla	Nemandi sækir skipulagðar íþróttir eða æskulýðsstarf í stað valgreinar á unglingastigi, sem skólastjóri hefur metið að jafngildi grunnskólanámi. Á þetta við íþróttir sem viðurkenndar eru af ÍSÍ, sjálfboðastarfi eins og björgunarsveitir og æskulýðsstarf eins og hjálparsevit skáta og kirkjustarf. Skilyrði er að þjálfunin sé reglubundin og iðkuð undir leiðsögn þjálfara eða leiðbeinanda. Hún nái yfir heila önn, auk þess sem umsögn og ástundun sé skilað til skóla.	Aðalnámskrá kafla 16.1.2
D4	Nám utan skóla	Viðvera	0	Atvinnutengt nám	Nemandi sækir samþykkt atvinnutengt nám sem hluti af skilgreindu námsúrræði sem samþykkt hefur verið af skólastjóra: Atvinnutengt nám er ætlað nemendum í 9. og 10. bekk sem af ýmsum ástæðum s.s. námserfiðleikum, námsleiða og eða félagslegum erfiðleikum ná ekki að stunda nám og líður almennt ekki vel í skólasamfélaginu.	Aðalnámskrá kafla 16.1.2
D5	Nám utan skóla	Viðvera	0	Samþykkt nám utan skóla	Nemandi sækir viðurkennt nám utan skóla í stað valgreinar á unglingastigi, sem skólastjóri hefur metið að sem jafngildi grunnskólanámi. Á þetta við nám eins og listdansnám, tónlistarnám, myndlistarnám eða tungumálanám sem og nám utan grunnskóla í eigin móðurmáli öðru en	Aðalnámskrá kafla 16.1.2

					ensku og Norðurlandamálum. Námið utan skóla nái auk þess yfir heila önn, auk þess sem umsögn og ástundun sé skilað til skóla.	
D6	Nám utan skóla	Viðvera	0	Metið annað mál	Skólastjóra er heimilt að viðurkenna hæfni nemanda í móðurmáli öðru en íslensku eða hæfni íslensks nemanda í öðrum erlendum tungumálun en ensku og Norðurlandamámi, að undangengnu mati í hverju tilviki. Viðurkenningin komi í stað skyldunáms í öðru tungumáli, í samræmi við stefnu stjórnvalda um menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.	Aðalnámskrá kafla 16.1.2
D7	Þessi kóði er skilgreindur í tölfraðilegu m skilningi sem "mæting ekki möguleg" til að koma í veg fyrir tví-skráningu	Hvorki viðvera né fjarvera	0	Nemandi er skráður tímabundið í öðrum skóla	Nemandi er tímabundið skráður í annan skóla þar sem ástundun er skráð s.s. tímabundið úrræði í sérskóla eða sérdeild fyrir börn með tilfinninga eða hegðunaráskoranir, en er þó einnig skráður í sinn heimaskóla.	
Skólasókn ekki möguleg						
E1	Mæting ekki möguleg	Hvorki viðvera né fjarvera	0	Fjarvera kennara	Nemandi getur ekki sótt kennslustund vegna þess að kennari hefur forfallast og forfallakennsla er ekki til staðar.	
E2	Mæting ekki möguleg	Hvorki viðvera né fjarvera	0	Aðgengis-skorður	Nemandi getur ekki sótt kennslustund þar sem að aðgengi hans að skólastofu eða kennslurými hefur ekki verið tryggt.	
E3	Mæting ekki möguleg	Hvorki viðvera né fjarvera	0	Skóla-samgöngur falla niður	Nemandi kemst ekki til skóla vegna þess að skipulagður skólaakstur sem skólinn/sveitarfélagið ber ábyrgð á fellur niður. Dæmi eru tilfallandi veikindi bílstjóra skólabifreiðar eða skyndileg bilun skólabifreiðar.	
E4	Mæting ekki möguleg	Hvorki viðvera né fjarvera	0	Mikil truflun á samgöngum	Nemandi kemst ekki til skóla þar sem vegir eru lokaðir eða illfærir s.s. í kjölfar	

					óveðurs eða ofanflóða eða annarrar vá sem er yfirstaðin.	
E5	Mæting ekki möguleg	Hvorki viðvera né fjarvera	0	Hluti skóla óvænt lokaður	Óvænt eða skyndileg lokun skóla að hluta til eða öllu leiti (t.d. vegna uppkomins leka), án þess að annað skólarými sé tilbúið til notkunar í staðin.	
E6	Mæting ekki möguleg	Hvorki viðvera né fjarvera	0	Barn í lokuðu úrræði	Barn getur ekki mætt í skólann þar sem það er vistað í lokuðu úrræði á vegum hins opinbera s.s. lögreglu, barnaverndar eða Barna- og fjölskyldustofu	
E7	Mæting ekki möguleg	Hvorki viðvera né fjarvera	0	Viðbrögð við vá	Mæting ekki möguleg vegna opinberra tilmæla eða leiðbeininga stjórnvalda sem viðbragð gegn vá. Dæmi hér um eru yfirstandandi sóttvarnir, viðbrögð við yfirvofandi eða yfirstandandi eldgosi, öskufalli, óveðri, flóðum eða annarskonar vá.	
Stjórnsýsla skóla						
F1	Mæting ekki möguleg	Hvorki viðvera né fjarvera	0	Verðandi nemandi	Nemandi sem skráður hefur verið í skólann og hefur enn ekki hafið þar nám s.s. barn sem innritast að vori í 1. bekk hefur nám að hausti. Barn sem skráð er í skóla á miðri önn, með annan upphafsdag en innritunardag.	
F2	Mæting ekki möguleg	Hvorki viðvera né fjarvera	0	Skólalokun	Skóli er lokaður yfir tilgreind tímabil samkvæmt staðfestu skóladagatali s.s. helgar, hátíðar, rauðir dagar, sumarfrí.	

Viðauki 2

Yfirlit yfir umsóknir um undanþágur og frávik frá skólaskyldu og skólasókn

Umsókn um undanþágu frá skólasókn

Skólastjóra grunnskóla er heimilt að veita barni tímabundna undanþágu frá skólasókn, svo framarlega sem gildar ástæður séu fyrir hendi skv. ákvæðum í aðalnámskrá.

Umsókn um sjúkrakennslu

Skólastjóra grunnskóla er heimilt að samþykkja að nemandi sem er undir eftirliti læknis og getur að hans mati ekki sótt skóla vegna slyss eða langvarandi veikinda, eigi rétt á sjúkrakennslu annaðhvort á heimili sínu eða á sjúkrastofnun sem tekur mið af ástandi hans og þreki.

Umsókn um undanþágu frá skyldunámi í einstaka námsgrein eða námssviði

Skólastjóra grunnskóla er heimilt að veita nemanda með miklar stuðningsþarfir undanþágu frá tiltekinni námsgrein eða námssviði að höfðu samráði við fagaðila. Það sama á við um nemanda sem tekst á við tímabundnar persónulegar áskoranir, svo sem vegna skólaforðunar eða kvíða.

Umsókn um mat á skipulagðri atvinnuþátttöku sem nám

Skólastjóra grunnskóla er heimilt að meta skipulagða atvinnuþátttöku nemenda (þó ekki hefðbundna þátttöku í atvinnulífi) í tengslum við tiltekið námsúrræði vegna sértækra örðugleika annarra en fötlunar, svo sem glímu við verulegar áskoranir í námi eða mikla vanlíðan í skóla.

Umsókn um viðurkenningu á kunnáttu í móðurmáli öðru en íslensku

Skólastjóra grunnskóla er heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli öðru en íslensku sem jafngildi grunnskólanáms að undangengnu mati í hverju tilviki. Viðurkenningin komi í stað skyldunáms í öðru tungumáli, í samræmi við stefnu stjórnvalda um menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Umsókn um mat á skipulögðu námi utan grunnskóla

Skólastjóra grunnskóla er heimilt að viðurkenna nám sem nemandi stundar utan grunnskóla sem jafngildi grunnskólanáms að undangengnu mati í hverju tilviki. Á þetta við nám eins og listdansnám, tónlistarnám, myndlistarnám eða tungumálanámi sem og nám utan grunnskóla í eigin móðurmáli (öðru en ensku og Norðurlandamálum) sem komi í stað valgreinar á unglingastigi.

Umsókn um mat á skipulögðu íþrótt- eða æskulýðsstarfi

Skólastjóra grunnskóla er heimilt að meta skipulagða þátttöku nemenda svo sem í félagsstarfi eins og nemendaráði, íþróttum eða sjálfböðastarfi eins og björgunarsveitun og kirkjustarfi sem jafngildi grunnskólanáms sem komi í stað valgreinar á unglingastigi.

Umsókn um skólagöngu fyrir (eða síðar)

Skólastjóra grunnskóla er heimilt að samþykkja beiðni foreldra um að barn hefji skólagöngu ári fyrir en skólaskylda hefst, að undangengnu mati fagaðila. Þá er skólastjóra jafnframt heimilt að samþykkja að nemandi útskrifist úr grunnskóla áður en 10 ára skyldunámi er lokið að uppfylltum skilyrðum skv. aðalnámskrá.

Umsókn um að taka áfanga í framhaldsskóla samhliða námi í grunnskóla

Skólastjóra grunnskóla er heimilt að veita nemanda sem sýnt hefur afburðarhæfni á ákveðnu námssviði undanþágu til að taka stakan áfanga í framhaldsskóla sem hluta af námi sínu í grunnskóla. Ef slíkt nám er metið getur það verið hvort sem er hluti af skyldunámi grunnskóla eða valgrein. Þá er einnig möguleiki að fá slíkt nám metið til eininga í framhaldsskóla.

Umsókn um heimakennslu

Skólastjóri grunnskóla getur veitt foreldrum, tímabundna heimild til þess að annast sjálf kennslu barnsins að hluta eða öllu leyti, hafi foreldrið sem sinnir kennslunni fengið leyfi mennta- og barnamálaráðherra til að nota starfsheitið grunnskólakennari og að sama skapi ekki hlotið refsisdóm.